

Miðvikudaginn 28. apríl 1965.

Nr. 203/1964. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Þorsteini Elton Jónssyni

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Flugstjóri sýknaður af ákæru um brot gegn 47. sbr. 52. gr. reglugerðar nr. 184/1949 um fluglið.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í málinu. Endurrit þeirra ásamt fleiri nýjum gögnum hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Það athugast, að hvorki veittu lög um loftferðir nr. 32/1929 né önnur réttarákvæði, sem til er vitnað í 1. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184/1949, heimild til að setja í reglugerð ákvæði þau, sem 47. gr. greindrar reglugerðar hefur að geyma. En á þeim tíma, sem atvik máls þessa gerðust, höfðu umrædd ákvæði 47. gr. stoð í 4. málsg. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu ákærða af kröfum ákærvaldsins.

Greiða ber úr ríkissjóði allan sakarkostnað í héraði og hér fyrir dómi, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sýknu ákærða, Þorsteins Eltons Jónssonar, af kröfum ákærvaldsins á að vera óraskað.

Sakarkostnað allan bæði í héraði og fyrir Hæstarétti

ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmans, samtals kr. 10.000.00.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. ágúst 1964.

Ár 1964, mánudaginn 17. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 5349/1964: Ákærvaldið gegn Þorsteini Elton Jónssyni, sem tekið var til dóms 31. f. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 25. júní s.l., höfðað gegn ákærða, Þorsteini Elton Jónssyni flugstjóra, Rauðalæk 16, hér í borg, fyrir að hafa neytt áfengis laugardagskvöldið 23. maí 1964 og aðfaranótt næsta dags, enda þótt hann ætti að vera við flugstjórn farþegaflugvélar á vegum Loftleiða h/f, sem fara skyldi frá Reykjavík kl. 0800 að morgni næsta dags til Osló og Stavanger, og mætti ákærði til þeirrar farar á Reykjavíkurflugvelli um kl. 0800.

Telst þetta varða við 47. gr. sbr. 52. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184/1949, sbr. 41. gr. laga um loftferðir nr. 32/1929.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar flugstjóráskírteinis og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 19. október 1921 í Reykjavík. Sakavottorð ákærða er svohljóðandi:

- 1937 18/1 í Reykjavík: Áminning fyrir snjókast á götum bæjarins.
- 1949 16/7 í Rvík: Dómur: 10 daga varðhald. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengis- og bifreiðalögum.
- 1950 30/5 í Rvík: Dómur: 700 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hegningarlaganna, bifreiða- og umferðarlögum.
- 25/10 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 2836/1949, 1000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 6 mánuði.
- 1955 22/9 í Rvík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar og 26. og 38. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Kl. 0800 sunnudaginn 24. maí s.l. var áætlað, að flugvél af gerðinni Douglas DC-6B, auðkennd TF-LLD, frá flugfélaginu

Loftleiðum færi frá Reykjavík um Osló til Stavanger. Hámarksfarþegafjöldi vélarinnar 85, en fjöldi flugliða 7. Ráð hafði verið gert fyrir því, að ákærði í máli þessu, Þorsteinn Elton Jónsson, yrði flugstjóri í þessari ferð. Svo varð þó ekki, er vélin fór héðan kl. 0945 með 64 farþega, heldur var hún undir stjórn Antons Axelssonar. Ástæðan var sú, að er ákærði mætti á flugvellinum umræddan morgun, kl. um 0800, var hann miður sín vegna áfengisneyzlu kvöldið á undan,

Fyrir dómi hefur ákærði borið, að hann hafi verið búinn að ákveða á leiðinni út á flugvöll að fara ekki sjálfur umrædda ferð, heldur fá staðgengil í sinn stað, þótt reyndin hafi orðið sú, að starfsmenn flugumsjónar Loftleiða hafi orðið fyrri til að kveða upp úr með það. Af framburði flugumsjónarmannsins Einars Sigurðar Ólafssonar virðist hins vegar helzt ráðið, að hann hafi tekið af skarið með, að ákærði færi ekki umrædda ferð. Þykir því nauðsynlegt að rekja framburð ákærða, vitnisins Einars Sigurðar o. fl. fyrir dómi nokkru frekar.

Vitnið Marínó Jóhannsson flugumsjónarmaður var við störf sín hjá Loftleiðum á Reykjavíkurflugvelli frá kl. 1930 laugardaginn 23. maí s.l., og átti varðtímanum að ljúka kl. 0800 næsta morgun. Þar sem það er m. a. í verkahring flugumsjónar að hringja tímanlega fyrir brottflug í flugliða, þá kveðst vitnið hafa hringt heim til ákærða kl. 0600 um morguninn til að minna hann á fyrirhugaða og ofangreinda flugferð. Ákærði varð fyrir svörum. Ekki heyrði vitnið neitt athugasvert við málfar hans. Á áttunda tímanum hringdi vitnið aftur heim til ákærða. Eiginkona hans varð þá fyrir svörum og sagði ákærða vera að ganga út úr dyrunum. Ákærði mætti svo í flugumsjóninni kl. um 0800. Þá var Einar Sigurður, sem átti að taka við störfum af vitninu, kominn til vinnu. Flugumsjónarmönnum fannst ákærði eitthvað miður sín og ræddu um þetta sín á milli og kölluðu ákærða síðan afsíðis til að ræða málið. Mun vitnið Einar Sigurður hafa aðallega haft orð fyrir flugumsjónarmönnum, og sagði hann ákærða, að þar sem hann væri illa fyrir kallaður, væri réttast, að hann færi heim. Vitnið Marínó segir, að ákærði hafi tekið þetta óstinnt upp, og eitthvað hafi verið þrefað um þetta, og á endanum krafðist ákærði, að lækni yrði sóttur. Var fyrst reynt að ná til dr. Óla Hjaltesteds, trúnaðarlæknis félagsins, en er það tókst ekki, var hringt í Úlfar Þórðarson lækni, sem kom von bráðar og athugaði ákærða.

Vitnið Marínó taldi töfina á brottför vélarinnar TF-LLD stafa

að nokkru af ofangreindum sökum og að nokkru vegna smá-vægilegrar vélarbilunar.

Vitnið Einar Sigurður segir, að ákærði hafi komið í flugum-sjónina á Reykavíkurflugvelli, fljótlega eftir að það mætti þar til starfa kl. 0800 umræddan sunnudag. Kölluðu flugumsjónar-mennirnir ákærða afsíðis, þar eð þeim virtist hann ekki vera, eins og hann átti að sér. Sagði vitnið ákærða, að réttast væri, að hann færi ekki hina fyrirhuguðu ferð, og spunnust út af því nokkrar orðræður, þar eð ákærði vildi vita, á hverju vitnið byggði þessa skoðun. Endaði þetta með því, að vitnið tók af skarið og sagði ákærða, að hann færi ekki þessa ferð. Eftir það krafðist ákærði þess, að læknir yrði sóttur.

Vitnið Einar Sigurður taldi töfina á brottför vélarinnar stafa af óstundvísi ákærða, töfinni við að ná í annan mann og loks vegna skorts á handbærum farþegavögnum til að ná í farþega vélarinnar, sem staddir voru í Tjarnarcafé.

Báðir flugumsjónarmennirnir báru, að þeim vitanlega hafi ákærði ekki farið um borð í vélina TF-LLD.

Vitnið Úlfar Þórðarson læknir, sem mun vera annar af tveimur trúnaðarlæknium flugmálastjórnarinnar við skoðun flugliða, bar í sakadómi, að flugumsjón Loftleiða á flugvelliðum hér í borg hafi hringt til sín um kl. 0800 sunnudaginn 24. maí s.l. Var vitnið beðið að koma út á flugvöll til að athuga ástand flugstjóra, sem átti að stjórna flugvél, sem átti að fara til út-landa, þar eð ekki hafði náðst í trúnaðarlækni félagsins, dr. Óla Hjaltsted. Þar eð vitninu hafði verið tjáð að gefnu tilefni frá því, að um alkóhól væri að ræða, þá tók það með sér út á flug-völl blóðtökutæki og tæki til að mæla alkóhól í lungnalofti. Á flugstöðinni sögðu starfsmenn flugumsjónarinnar vitninu, að þarna væri um að ræða ákærða í málinu, sem þeim virtist vera með áfengisáhrifum. Í framhaldi af viðræðum þessum ræddi vitnið við ákærða og tók sýnishorn af lungnalofti hans og blóði. Vitnið tók sérstaklega fram, að ákærði hafi í alla staði komið vel fram í þessu sambandi og sýnt fulla samvinnu við þessar aðgerðir. Að þeim loknum kveðst vitnið hafa sagt við ákærða, að ekki kæmi til mála, að hann færi fyrirhugaða flugferð, og gerði ákærði enga athugasemd við það. Vitnið sendi síðan blóð-sýnið með flugumsjónarmönnum á lögreglustöðina.

Samkvæmt vottorði lögreglustjórans hér í borg, dagsettu 30. maí s.l., var sýnishornið af blóði ákærða sent til Rannsóknarstofu háskólans 25. s. m., og samkvæmt vottorði frá rannsóknar-

stofu Jóns Steffensens um alkóhólrannsókn 25. s. m. reyndust vera í því reducerandi efni, er samsvara 0.89% af alkóhóli (0.94—0.85).

Kvöldið fyrir hina fyrirhuguðu flugferð kveðst ákærði hafa verið í veitingahúsinu Nausti ásamt kunningjum sínum. Dvaldi ákærði þar frá kl. 2000—2100 til 0100. Þarna neytti ákærði máltíðar og áfengis. Ekki getur ákærði sagt um, hve mikils áfengis. Ákærði fór rakleitt heim úr veitingahúsinu, gekk frá farangri sínum fyrir væntanlega flugferð og tók síðan á sig náðir. Ekki gat ákærði sagt um, hvenær hann fór að sofa, en það var fljótlega eftir heimkomuna. Ákærði taldi vafalaust, að hann hafi verið með einhverjum áfengisáhrifum, er hann sofnaði. Næsta morgun kl. 0600 hringdi flugumsjónin heim til ákærða. Varð hann sjálfur fyrir svörum. Vitnið Marínó Jóhannsson sagði ákærða, að hann ætti að mæta eftir um það bil klukkustund. Síðan sofnaði ákærði á ný og svaf, unz eiginkona hans vakti hann, og var flugumsjónin þá búin að hringja aftur. Ákærði flýtti sér þá út á flugvöll, og ók eiginkona hans honum þangað. Á leiðinni hafði eiginkonan það á orði, að hún teldi ekki rétt, að ákærði færi í hina fyrirhuguðu flugferð, þar eð af honum væri mikil vínlykt og hann væri bæði þreytu- og syfjulegur. Ákærði kveðst hafa fallizt á þetta, og urðu hjónin ásátt um, að ákærði fengi annan í sinn stað. Ætlaði ákærði að komast að því, hver væri á hinni svokölluðu „stand by“ vakt, þ. e. varaáhöfn, sem er til taks, ef einhver forfallast í aðal-áhöfn, og koma þessu í kring, án þess að mikið bæri á. Í þessu skyni var ákærða nauðsynlegt að fara í flugumsjónina að fá nöfn manna þeirra, er voru í ofanefndri varaáhöfn. Áður en ákærði gat gert sínar ráðstafanir, kölluðu flugumsjónarmennirnir hann inn fyrir og afsíðis og sögðu honum, að þeir teldu hann ekki færna um að fara flugferðina. Ákærði bar, að sér hafi mislíkað, „að flugumsjónarmennirnir hafi verið fyrri til að kveða upp úr um ákvörðun, sem hann hafi þegar tekið með sjálfum sér, auk þess sem kærða rann í skap vegna þess, að hinir ungu menn töldu sig dómbærari um getu kærða en hann sjálfur með sína næstum aldarfjórðungs flugreynslu“. Ákærði féllst þó á ofangreinda ráðstöfun, en vegna hugsanlegra eftirmála við flugfélagið krafðist ákærði, að læknir yrði sóttur.

Í framburði sínum tók ákærði það einnig fram, að hann sé vanur, er hann á flugferð fyrir höndum, að bera, strax og að flugstöð er komið, farangur sinn inn í flugstöðvarbygginguna

og kveðja síðan eiginkonu sína. Í umrætt sinn skildi ákærði farangur sinn eftir í bifreiðinni og það konuna að bíða sín.

Vitnið Margrét Þorbjörg Thors, eiginkona ákærða, hefur komið fyrir dóm og borið, að hún hafi á leiðinni út á flugvöll haft á orði við ákærða, að hún teldi ekki rétt, að hann færi hina áætluðu flugferð, „þar eð hann lyktaði ekki þannig, að hann ætti að fara í flugvél“. Féllst ákærði á þetta og talaði um að fá annan í sinn stað. Er ákærði fór inn í flugstöðvarbygginguna þessara erinda, skildi hann eftir farangur sinn í bifreiðinni. Annars er það venja undir þessum kringumstæðum, að eiginmaður vitnisins tekur farangurinn strax, kveður vitnið, og það fer á brott á bifreiðinni.

Samkvæmt bréfi Samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 28. f. m., til Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, sem lagt hefur verið fram í málinu, fór ráðuneytið þess munnlega á leit við forstjóra Flugfélags Íslands h/f 9. júní s.l., að ákærði yrði ekki látinn gegna störfum flugmanns eða flugstjóra hjá félaginu, þar til rannsókn á meintu broti ákærða í starfi væri lokið, og mun ákærði ekki hafa gegnt téðu starfi hjá félaginu frá framangreindum tíma að telja.

Það er skoðun dómsins, að úrslit málsins eigi að velta á því, hvort orðin „áður en störf eru hafin“ í 47. gr. reglugerðar um fluglið nr. 184 frá árinu 1949 tákni, að störf hafi raunverulega verið tekin upp eða byrjuð, eða hvort nægjanlegt sé, að störf hafi átt að hefjast innan 18 klukkustunda frá áfengisneyzlu. Þegar það er virt, að orðanna hljóðan er nær fyrri skilningnum og það er almenn regla íslenzks réttar, að refsíákvæði beri að skýra þröngt, sbr. meginhugsun 1. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, í þeim skilningi, að allan vafa um það, hvort refsíákvæði taki til háttsemi, eigi að virða ákærða í hag, og loks það, að ákærði var hvorki farinn að starfa í flugvélinni né flugumsjóninni, t. d. við flugáætlun, þá lítur dómurinn svo á, að ákærði hafi ekki brotið gegn ákvæðinu, og því ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Með skírskotun til ofangreinds ber að leggja allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00, á ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Elton Jónsson, skal sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Allur kostnaður málsins, þar með talin málsvarnarlaun Guðmundar Ásmundssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 2.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. apríl 1965.

Nr. 15/1963. **Gísli Holgeirsson**

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Reimari Karlssyni

(Guðjón Steingrímsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinnsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Línal.

Kaup og sala. Riftun kaups. Málflutningur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. febrúar 1963, krefst sýknu og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms að öðru leyti en því, að ársvextir reiknist frá 20. apríl 1961 og 6% frá 1. janúar 1965 til greiðsludags. Þá krefst stefndi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Mál þetta var þingfest í héraði 28. júní 1962. Lagði stefndi þá fram stefnu, greinargerð, reikning áfrýjanda um skipti aðilja, vottorð bifvélaþvirkja um, „að drifvarahlutir“ þeir, sem um var að tefla, „þössuðu ekki saman“, og svo kröfubréf lögmanns síns til áfrýjanda 25. nóvember 1961. Af hendi áfrýjanda var sótt þing, og fékk umboðsmaður hans frest til greinargerðar til 13. september 1962.